

## Gjaldskrá gámastöðvar Hveragerðisbæjar.

Verðskrá (gildir frá 15. janúar 2016)

### Gjaldskylt sorp

**Óflokkað og óendurvinnanlegt sorp, grófur úrgangur og timbur.**

Lágmarksgjald er 1.000,- kr. eða 1 miði

Móttökugjald skv. mælingu 2.000,- kr./m<sup>3</sup>

### Gjaldfrjálst sorp

**Eftirtaldir flokkar eru gjaldfrjálsir:**

- Skilagjaldsskyldar umbúðir
- Spilliefni
- Hjólbarðar
- Bílar og járn
- Rúlluplast (hreint og án banda)
- Bylgjupappi /pappírs
- Heimilistæki (hvít vara)
- Föt og fataefni til endurvinnslu

**Á gámastöð Hveragerðis skal greiða fyrir móttöku sorps sem hér segir:**

- fyrir allt sorp frá fyrirtækjum, sem ekki ber úrvinnslugjald eða skilagjald.
- fyrir allt sorp frá heimilum, sem ekki er gjaldfrjálst.

**Öll losun á gámasvæðinu skal framkvæmd í samráði við starfsmann áhaldahúss, mæling á rúmfangi farms fer fram áður en losun hefst. Einungis er tekið við sorpi frá íbúum Hveragerðis og fyrirtækjum sem eru staðsett í bænum.**

***Kerruleiga: Gámastöðin leigir Hvergerðingum kerrur til flutnings.***

***Verð fyrir allt að 4 tíma leigu á kerru er 1.000,- kr.***

## **Flokkunarmöguleikar á gámasvæðinu í Hveragerði.**

### **Brotajárn.**

Allir málmar fara í þennan flokk, líka samsettur úrgangur þar sem málmur er í meirihluta. Brotajárnið er flutt í Hafnarfjörð þar sem það er forunnið og hakkað niður. Brotajárnið er síðan sent áfram í bræðslu, oftast til Spánar eða Bretlands.

### **Grófur úrgangur**

Grófur úrgangur er fyrirferðamikill blandaður úrgangur oftast húsgögn, innréttingar, byggingahlutar úr timbri og stórar umbúðir. Sorp sem fýkur auðveldlega eða sem meindýr sækja í má ekki flokka með grófum úrgangi. Á móttökustöð er úrgangurinn flokkaður frekar til endurvinnslu eða urðunar.

### **Spilliefni**

Olíur, bensín, terpentína, olúmálning, illgresis- og skordýraeitur, sýrur, basar, kvikasilfurshitamælar og framköllunarvökvar eru dæmi um spilliefni. Þessum efnum skal skila á gámasstöðina, helst í upprunalegum umbúðum eða traustum umbúðum með upplýsingum um innihald. Spilliefnin eru meðhöndluð að mestu hjá Efnamóttökunni í Hafnarfirði en hluti þeirra er fluttur til útlanda til eyðingar.

### **Garðaúrgangur**

Gras, lauf, blóm, jurtir, trjáafklippur og aðrar plöntuleifar eru garðaúrgangur. Önnur efni sem flokkuð eru með garðaúrgangi eru t.d. steinull, grjót, gifs, gler og múrbrot.

### **Timbur**

**Hreint timbur**, ólitað og óplastað, er kurlað af gámaþjónustunni og nýtt í moltugerð. Spæninir eru líka notaðir sem yfirlag í trjábeð og göngustíga.

**Litað og plastað timbur** er grófkurlað og notað sem þekjuefni á urðunarstað.

### **Pappír og bylgjupappi**

Dagblöð, tímarit, tölvu-, ljósritunar-, prentara- og skrifpappír ásamt bylgjupappa. Gámaþjónustan sér um söfnun á pappír og pappa, baggar hvorutveggja og sendir til endurvinnslu í Svíþjóð.

### **Heimilistæki**

Gámasvæðið tekur við öllum venjulegum heimilistækjum. Mörg þeirra eru flokkuð með spilliefnum og fara í Efnamóttökuna áður en þau fara í frekari endurvinnslu.